

Vika 12 - vorönn

Lota 6 - ÁRÆÐNI

Orðræða: Hreysti, kjarkur og kraftur, gengur betur næst og æfinginn skapar meistarann

Lotulykill 2: Kraftur

Orðaforðalisti: Ýmislegt

Lubbi: Au/au

Lotumynd: Sjálfsmynd

Strik fyrir strik: Gróður bls. 62-64

Litla Sól: **Unnið með bókstafi og þykjustuskrift** bls. 95-97

Sól: **Unnið með bókstafi** bls. 141-153

Söngvar: Bátasmiðurinn (ég negli og saga)



(Yfir kaldan eyðisand)

Auðunn er að sauma saum,
Saumar daga og nætur.
Voðalega er Auður aum,
au, au, au, hún grætur.

Kennslutilhögun og dagskipulag

Setja orð á athafnir: Kraftmiklar hlaupafætur,

Samvera: Ræða hvað er kraftur og hvernig er hægt að æfa hugrekki

Við matarborðið: Taka æfingabita

Í fataherbergi: Æfa sig að klæða sig - æfingin skapar meistarann

Í hópatímum: Gera kjarkæfingar, æfa sig að gera mistök, kennarinn hellir "óvart" niður

Orðaforðalisti MMS: Ýmislegt

Yngsti hópur: já, nei, ekki, hættu, týndur, halló, bless

Mið hópur: líka, bráðum,

Elsti hópur: næstum því, hér um bil, reyna aftur, muna litlu, kemur næst, kannski

Þjálfun hljóðkerfisvitundar

Yngsti hópur: Klappa atkvæði orða og ríma

Mið hópur: Klappa atkvæði orða, ríma, vinna með samsett orð

Elsti hópur: Klappa atkvæði orða, ríma, samsett orð, margræð orð, orðhlutaeyðing, hljóðgreining og hljóðtenging